

## Svar

félags- og húsnæðismálaráðherra við fyrirspurn frá Katrínu Júlíusdóttur um lokun Kristínarhúss og úrræði fyrir einstaklinga í vændi.

### 1. *Hverjar telur ráðherra vera afleiðingarnar af lokun Kristínarhúss?*

Lögregla og félagsþjónusta virðast ekki finna fyrir lokun Kristínarhúss vegna brotaþola í vændis kaupamálum. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu var sjaldan með mál þar sem Kristínarhús var notað. Félagþjónusturnar í Reykjanesbæ, Kópavogi, Hafnarfirði og á Akureyri fundu ekki fyrir lokun hússins en Reykjavíkurborg taldi missi að úrræðinu. Ekki er þó vitað til þess að félagsþjónustan hafi komið fórnarlömbum vændis í Kristínarhús. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum kom nokkrum meintum fórnarlömbum mansals fyrir í Kristínarhúsi meðan á meðferð mála stóð hjá embættinu. Kvennaathvarfið fann ekki fyrir lokun Kristínarhúss og ekki varð fjölgun í athvarfinu í kjölfarið.

Rétt er að taka fram að í ársskýrslum Stígamóta er ekki skilgreint hvort konurnar sem dvöldu í Kristínarhúsi hafi verið fórnarlömb mansals eða vændis, enda oft óljós mörk þar á milli. Lokun Kristínarhúss hefur líklega einkum haft áhrif á vinnslu mansalsmála. Þegar ekki er lengur fyrir hendi öruggt skjól fyrir mansalsfórnarlömb er erfitt fyrir lögreglu og félagsþjónustu að vinna traust fórnarlambanna sem getur bæði haft skaðleg áhrif á rannsókn máls og bata fórnarlamb.

Unnið er að því á vegum ráðuneytisins að tryggja að samstarfsaðilar ráðuneytisins í mansalsmálum geti boðið fórnarlömbum mansals örugga neyðarvistun, ráðgjöf og stuðning auk meira varanlegra úrræða svo ljúka megi rannsókn mála og tryggja velferð fórnarlamba. Mikilvægt er að huga þar að báðum kynjum.

### 2. *Hvaða úrræði hafa einstaklingar sem vilja losna úr vændi?*

Þeim sem vilja losna úr vændi stendur til boða félagsleg ráðgjöf, sérstök ráðgjöf hjá Stígamótum, vímuefnamedferð og athvarf.

Félagsþjónusta sveitarfélaga býður upp á félagslega ráðgjöf sem hefur það að markmiði að veita upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindamál annars vegar og stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda hins vegar. Félagráðgjafar og aðrir sérfræðingar hjá sveitarfélögum geta veitt brotaþolun í vændis kaupamálum og öðrum sem stunda vændi félagslega ráðgjöf, beint einstaklingum til annarra eftir þjónustu og verið í samstarfi við aðra þjónustuaðila. Ef í ljós kemur að brotaþoli hefur barn eða börn í umsjá sinni eru aðstæður barns ævinlega kannaðar og málum vísað, eftir atvikum, til barnaverndaryfirvalda.

Stígamót veita hér eftir sem hingað til ráðgjöf og bjóða upp á sjálfshjálparhópa fyrir einstaklinga sem vilja losna úr vændi. Þá hafa samtökin boðist til að hafa samræmingarhlutverk í málum einstaklinga sem vilja losna úr vændi.

Svo virðist sem vændi á Íslandi sé töluvert tengt fíkniefnaviðskiptum. Þjónusta meðferðarstofnana ríkisins, svo sem á vegum Landspítala og SÁÁ, stendur fíkniefnaneytendum til boða. Innlagn og eftirmeðferð getur því verið fyrsta skrefið til að komast úr vændi.

Kvennaathvarfið stendur öllum konum opið og brotaþolar vændis eru velkomnir í húsið.

3. *Telur ráðherra að tryggja þurfi stuðning hins opinbera til að hjálpa einstaklingum að losna úr vændi og efsvo er, hver ætti sá stuðningur að vera?*

Vændi er flókið viðfangsefni. Góð og öflug velferðarþjónusta, bæði á vegum ríkis og sveitarfélaga, er ein af mikilvægustu forsendum þess að koma megi í veg fyrir vændi. Fíkniefnasala og önnur afbrot tengjast vændi. Einnig neysla fíkniefna. Fátækt kann einnig að liggja að baki því að fólk leiðist út í vændi. Svárið við því hver stuðningurinn ætti að vera er ekki einfalt en forvarnir skipta miklu.

Samkvæmt upplýsingum frá ríkislögreglustjóranum hefur orðið umtalsverð aukning á fjölda skráðra brota gegn 206. gr. almennra hegningarlaga, eins og sést í töflu 1, en greinin fjallar um kaup á vændi. Tölurnar sýna fjölda brota sem komið hafa á borð embættisins vegna refsiverðs athæfis; brotþolar vændiskaupamála eru ekki meðtaldir. Hér er um að ræða öll brot sem skráð voru hjá embættinu á tilteknu tímabili. Athygli vekur mikil fjölgun mála 2013 en það ár var gert átak í að upplýsa vændiskaup á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum.

**Tafla 1. Fjöldi skráðra brota gegn 206. gr. almennra hegningarlaga.**

Ár	Fjöldi mála
2010	37
2011	13
2012	24
2013	175*
<b>Samtals</b>	<b>249</b>

\*Bráðabirgðatölur

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hefur komið að málum 30 einstaklinga sem hafa verið skilgreindir sem brotþolar í vændiskaupamálum á tímabilinu 2011 til apríl 2014. Í töflum 2 og 3 má sjá fjölda og kyn brotþola en þeir eru greindir út frá ríkisfangi í töflu 2 og aldursdreifingu í töflu 3, á fjögurra ára tímabili.

**Tafla 2. Fjöldi brotþola í vændiskaupamálum hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu.**

	Íslendingar	Erlendir ríkisborgarar	Fjöldi
Konur	11	12	23
Karlar	7	0	7
<b>Samtals</b>	<b>18</b>	<b>12</b>	<b>30</b>

**Tafla 3. Aldur brotþola í vændiskaupamálum hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu.**

	20 ára og yngri	21–29 ára	30 ára og eldri	Fjöldi
Konur	4	7	10	21
Karlar	3	2	2	7
<b>Samtals</b>	<b>7</b>	<b>9</b>	<b>12</b>	<b>28</b>

Til að koma megi í veg fyrir vændi þurfa fjölþætt úrræði að vera í boði og þverfaglegt samstarf félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu, meðferðarstofnana, lögreglu, frjálsra félagsamtaka og annarra sem koma að málum. Í svörum Reykjavíkurborgar telja félagsráðgjafar

sig skorta sérfræðipækkingu á málefnum og gætu sveitarfélög beitt sér fyrir því að efla þekkingu starfsmanna á þessu sviði. Sama gæti átt við um heilbrigðisþjónustuna. Einnig kemur til greina að efla samstarf opinberrar velferðarþjónustu við frjáls félagasamtök.

Í ljósi fjölda skráðra brota gegn 206. gr. hegningarlaga er mikilvægt að allir sem veita félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu, þar með taldir starfsmenn meðferðarstofnana, hafi augun opin gagnvart því að þjónustubeigi geti verið brotþoli. Ríkt samstarf milli félags- og heilbrigðisþjónustu er grundvöllur þess að árangur náist í vinnu með einstaklinga sem eiga við þennan sértæka og viðkvæma vanda að etja. Auk þess þarf samstarf við félagasamtök eins og Stígamót, Kvænnaathvarf, SÁÁ og fleiri að vera til staðar svo að hægt sé að vinna málin áfram. Löggæslan leikur hér stórt hlutverk og mikilvægt að efla samstarf velferðarþjónustu og löggæslu. Samstarf innan stjórnsýslunnar á sviði mansalsmála hefur reynst vel og fjalla fjölmörg ákvæði í aðgerðaáætlun ríkisstjórnar Íslands um aðgerðir gegn mansali um það.

Að lokum er rétt að nefna að félags- og húsnæðismálaráðherra, innanríkisráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra munu á næstu dögum undirrita sameiginlega yfirlýsingu um samstarf gegn hvers konar ofbeldi og felur samstarfið meðal annars í sér bætt vinnubrögð við rannsókn ofbeldismála.